

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2015, þriðjudaginn 6. október, var haldinn 117. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Selásskóla og hófst hann kl. 16:15. Viðstödd voru: Þorkell Heiðarsson, formaður, Björn Gíslason og Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir. Einnig var viðstaddur: Geir Þorsteinsson, umsjónarmaður Selásskóla, Elvar Örn Þórisson, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Árbæjar og Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallavina. Trausti Jónsson, verkefnastjóri ÞÁG ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Kynning á starfi Selásskóla og nauðsynlegum endurbótum skólalóðar skólans. Geir Þorsteinsson kynnr skýrslu Umhverfisráðs Selásskóla.
- Hildur Oddsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 16:25.
- Geir Þorsteinsson víkur af fundi kl. 17:00.

Bókun hverfisráðs:

Hverfisráð þakkar Geir Þorsteinssyni umsjónarmanni fyrir áhugaverða kynningu á skýrslu umhverfisráðs Selásskóla um ástand skólalóðarinnar. Ráðið tekur undir áhyggjur nemenda, foreldra og starfsmanna af ástandi lóðarinnar hvað varðar skort á aðstöðu til leikja. Þá lýsa fulltúar í hverfisráði þungum áhyggjum sínum af nokkrum atriðum er varða öryggi á lóðinni og þá sérstaklega slyshættu næst Selásbraut. Hverfisráð er einróma í þeirri afstöðu sinni að brýnt sé að ráðast án tafar í nauðsynlegar endurbætur til þess að lágmarka þá slyshættu. Þá telur ráðið að í framhaldinu þurfi að endurmeta stöðu lóðarinnar í viðhalds- og endurnýjunaráætlun og tryggja að lágmarksaðstaða sé til leikja á lóðinni.

2. Umræður um framtíð hverfisráða framhald. Umsögn hverfisráðs verður send með athugasemdum.
3. Bréf frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 14. september – breyting á varaáheyrnarfulltrúa í hverfisráði Árbæjar. Borgþór Þorgeirsson tekur sæti sem varaáheyrnarfulltrúi í stað Kristins I. Pálssonar.

Fundi slitið kl. 17:25

Þorkell Heiðarsson
Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir

Björn Gíslason
Hildur Oddsdóttir